Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 34


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Rnf. 20/11 09
Bg. 21

Háttvirt byggingarnefnd!

Við undirritaðir óskum að fá leyfi yðar til að mega byggja trjesmiðju á baklóð okkar, Hverfisgötu 6, eptir því sem meðfylgjandi uppdráttur sýnir, með brandhlið að sunnanverðu á lóðar takmörkunum, og brandgafl að austanverðu, við óskum að geta fengið svar eptir næsta byggingarnefndar fund.

Virðingarfyllst

Reykjavík 18 Novemb 1909

Einar Sveinsson

Helgi Helgason

B. Rvk. 678/1909 Bx. 21

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Th. Thorsteinsson.**

Post Box A. 7.

Telegramadr.: Thorstein.

Reykjavík, þ. 6 novemb. 1909.

Iceland.

Hjer með leifi eg mjer, að biðja hina
háttvirtu bygginga nefnd, um leifi til
að byggja skúr áfastan við íbúðarhús mitt
á Kirkjusandi. Stærð skúrsins er sem
meðfylgjandi uppdráttur sýnir, og á að
notast sem eldhús og geymslu skúr, að
sumrinu til, og jafnframt vildi eg beiðast
undanþágu gagnvart byggingar samþykkt
bæjarins með byggingu á skúr þessum.

Virðingarfyllst

Th. Thorsteinsson

Til byggingarnefndar

Reykjavíkur.

B. Rvk. 677/1909 Bx. 2i

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður trésmiður Samúel Jónsson á Kárastíg nr.: 8 leyfi mér hérmeð, að leita leyfis hinnar háttvirtu byggingarnefndar Reykjavíkur, að eg megi reisa og byggja hús á grunni mínum nr. 35 við Skólavörðustíg, að öllu leiti eins að stærð, innréttingu og efni til, einsog teikningin af húsi því, sem brann á nefndum grunni 11. April þ. á, ber með sjer.

Þar sem sú teikning er samþykkt af byggingarnefndinni og eg hefi borgað fyrir þá samþykkt Kr.: 33,85, þá vona eg að eg fái byggingarleyfi þetta án endurgjalds.–

Virðingarfyllst

Reykjavík 18. November 1909

Samúel Jónsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

676
B. Rvk. 1909 By. 21

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



HÓTEL ÍSLAND

Reykjavík 13. Nov. 1909.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð fyrir hönd Hótel Íslands að beiðast þess að hin heiðraða byggingarnefnd Reykjavíkur veiti mjer leyfi til að láta innrjetta pakkhús það er stendur við Vallarstræti, eptir þeirri teikningu er fylgir hjermeð.

Virðingarfyllst

Hótel Ísland.

[illegible] Gunnarsson

1 Teikn.

Til

Byggingarnefndar

Reykjavíkur.

B. Rvk $\frac{675}{1909}$ B. 4. 21

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður bið Byggingarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar svo vel gjöra og samþykkja meðfylgjandi teikningu, af geimsluskúr, sem standa skal á lóð minni við Grettisgötu No 35 a.

Reykjavík 10. Nóvember 1909

Bjarni Þorláksson
Grettisgötu 35 a

B. Rvk 674/1909 By. 2i

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar 20. nóv. '09.-

Ár 1909 þ. 20. nóv. var fundur haldinn í byggingarnefndinni og fór þá fram það er hjer segir:

1. H. Thorsteinsson leyft að byggja geymsluskúr með eldhúsi áfast við íbúðarhús hans á Kirkjusandi 6 x 9 3/4 álnir að stærð.-
2. Bjarna Þorlákssyni leyft að byggja skúr og salerni, alls 4 x 10 álnir á lóð hans Grettisg. 35a
3. Einari Sveinssyni og Helga Helgasyni leyft að byggja smíðahús 11 1/2 x 8° og skúr áfastan við það 4 1/2 x 8° á lóð hans við Hverfisg. 6.
4. Eigendum Hótel Ísland leyft að breyta og hólfa sundur útihús það, er veit að Vallarstræti. Húsið er þó ekki ætlað til íbúðar.-
5. Frestað að taka ákvörðun um beiðni Guðjóns Jónssonar um að fá að byggja bráðabyrgða-geymsluhús, vegna þess, að teikningar þótti ófullnægjandi.-
6. Frestað að taka ákvörðun um beiðni Magnúsar Blöndahls að mega láta byggja bráðabyrgðarskúr á lóð hans við Kirkjustræti 8B og henni vísað til bæjarverkfræðingsins. Krafist að tekinn verði burt bráðabyrgðarskúr sem byggður hefur verið upp við geymsluhús Kristjáns Þorgrímssonar á lóð þessari og lokar fyrir honum aðgangi að lóðinni, sem hann hefur heimild að, og byggingarfulltrúa falið að sjá um framkvæmd á þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Samúel Jónssyni leyft að endurreisa hús hans, Skólavörðustíg 35, er brann á næstliðnu vori, að öllu leyti með sama fyrirkomulagi og sömu herbergjaskipun og stærð eins og húsið sem brann. Fer hann þess jafnframt á leit, að hann ekki þurfi að borga byggingarleyfisgjald kr. 33.85 á ný. Nefndin leggur til að byggingarleyfisgjaldið verði ekki innheimt á ný.

8. Fyrirspurn Hjálpræðishersins um hve mikið verði tekið af lóð þeirri, sem Herkastalinn nú stendur á undir götur, ef kastalinn verður rifinn niður og byggður upp aptur, vill nefndin svara á þá leið, að Kirkjustræti og Aðalstræti verði breikkaðar þannig að þær verði 20 álna breiðar hvor um sig, talið frá hornhúsi Magnúsar Árnasonar og að ennfremur verði tekið undir Kirkjustræti sem ræður bein lína í framhaldi af hlið hússins Gunnars Einarssonar, og undir Suðurgötu lóðarræma eins og ræður framhlið húss Nicolai Bjarnason.-

9. Viðvíkjandi erindi Ólafs Jónssonar í Kaupmannahöfn um endurgjald fyrir lóð vestanvert við Kárastíg, vísar nefndin til fundarályktunar sinnar 12. des. f.á. er samþykkt var af bæjarstjórninni 17. des. f.á.-

Fleira ekki fyrir tekið.-
Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson og Knud Zimsen.-

Fundi slitið
Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson
Sveinn Jónsson
Jón Jensson
Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
af fundargjörð byggingarnefndarinnar
20. nóv. 09.-

Ár 1909 þ. 20. nóv. var fundur haldinn í byggingarnefndinni og fór þá fram það er hjer segir:

1. Kr. Þorsteinssyni leyft að byggja geymsluskúr með eldhúsi áfast við íbúðarhús hans á Kirkjusandi 6 x 9 3/4 álnir að stærð.-
2. Bjarna Þorlákssyni leyft að byggja skúr og salerni, alls 4 x 10 álnir á lóð hans Grettisg. 35a
3. Einari Sveinssyni og Helga Helgasyni leyft að byggja smíðahús 11 1/2 x 8° og skúr áfastan við það 4 1/2 x 8° á lóð hans við Hverfisg. 6.
4. Eigendum Hotel Island leyft að breyta og hólfa sundur útihús það, er veit að Vallarstræti. Húsið er þó ekki ætlað til íbúðar.
5. Frestað að taka ákvörðun um beiðni Guðjóns Jónssonar um að fá að byggja bráðabyrgða-geymsluhús, vegna þess, að teikningar þótti ófullnægjandi.-
6. Frestað að taka ákvörðun um beiðni Magnúsar Blöndahls að mega láta byggja bráðabyrgðarskúr á lóð hans við Kirkjustræti 8b og henni vísað til bæjarverkfræðingsins. Ákveðið að tekinn verði burt bráðabyrgðarskúr sem byggður hefur verið upp við geymsluhús Kristjáns Þorgrímssonar á lóð þessari og lokar fyrir honum aðgangi að lóðinni, sem hann hefur heimild að, og byggingarfulltrúa falið að sjá um framkvæmd á þessu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Samúel Jónssyni leyft að endurreisa hús hans, Skólavörðustíg 35, er brann á næstliðnu vori, að öllu leyti með sama fyrirkomulagi og sömu herbergjaskipun og stærð eins og húsið sem brann. Fer hann þess jafnframt á leit, að hann ekki þurfi að borga byggingarleyfisgjald kr. 33.85 á ný. Nefndin leggur til að byggingarleyfisgjaldið verði ekki innheimt á ný.

8. Fyrirspurn Hjálpræðishersins um hve mikið verði tekið af lóð þeirri, sem Herkastalinn nú stendur á undir götur, ef kastalinn verður rifinn niður og byggður upp aptur, vill nefndin svara á þá leið, að Túngata og Aðalstræti verði breikkaðar þannig að þær verði 20 álna breiðar hvor um sig, talið frá hornhúsi Magnúsar Árnasonar og að ennfremur verði tekið undir Kirkjustræti sem ræður bein lína í framhaldi af hlið húss Gunnars Einarssonar, og undir Suðurgötu lóðarræma eins og ræður framhlið húss Nicolai Bjarnason.-

9. Viðvíkjandi erindi Ólafs Jónssonar í Kaupmannahöfn um endurgjald fyrir lóð vestanvert við Kárastíg, vísar nefndin til fundarályktunar sinnar 12. des. f.á. er samþykkt var af bæjarstjórninni 17. des. f.á.-

Fleira ekki fyrir tekið.-
Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson og Knud Zimsen.-

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson — Kristján Þorgrímsson

Sig. Thoroddsen — Sveinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur